# Jól í bæ

## VIÐBURÐADAGATAL HVERAGERÐISBÆJAR JÓLIN 2024

### *1. DESEMBER - SUNNUDAGUR*

**Kl. 14:00-16:00** Listasafn Árnesinga. Gelliprint grafík smiðja. Nemar á listnámsbraut FSU leiðbeina. Madatac sýning frá Madrid er opnuð í vídeóhorninu SPECULAR CONVERGENCES. Jólaföndur í krakkakrók á opnunartíma safnsins.

**Kl. 14:00-17:00** Kaffihlaðborð á Rósakaffi

**Kl. 16:00** Skátafélagið Strókur býður upp á heitt kakó í skátaheimilinu, Breiðumörk 22.

**Kl. 17:00** Ljósin tendruð á jólatrénu í Lystigarðinum Fossflöt. Ávarp bæjarstjóra, barnakór Hveragerðiskirkju, jólasveinar kíkja í heimsókn og fleira skemmtilegt.

**Kl. 20:00** Aðventukvöld í Hveragerðiskirkju. Pétur G. Markan bæjarstjóri flytur hugvekju. Söngur: Sædís Lind Másdóttir, Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandasókna og Hverafuglar, kór félags eldri borgara í Hveragerði. Yngri strengjahópur Tónlistarskóla Árnesinga leikur á hljóðfæri. Skátarnir koma með friðarljósið frá Betlehem.

### *2. DESEMBER - MÁNUDAGUR*

**Kl. 9:35** Gangasöngur í Grunnskólanum, yngsta stig. Heiðursgestir eru skólahópur frá Undralandi.

### *3. DESEMBER - ÞRIÐJUDAGUR*

Grunnskólinn í Hveragerði – pakkaskil hjá nemendum, verð á pakka kr. 750,-

### *4. DESEMBER - MIÐVIKUDAGUR*

**Kl. 9:35** Gangasöngur í Grunnskólanum, miðstig. Heiðursgestir eru skólahópur frá Óskalandi.

**Kl. 15:00 -16:45** Opið hús fyrir eldri borgara í Þorlákssetri. Hver, ljósmyndahópur félagsins, segir frá sýningunni „Fyrr og nú Hveragerði“ sem var á bókasafninu í nóvember.

**Kl. 16:00-18:00** Listamannaspjall á bókasafninu. Jakob Árnason spjallar við gesti og gangandi en hann er með sýningu á olíumálverkum á Bókasafninu í desember.

**Kl. 17:00-19:00** Textílsmiðja með Martynu Hopsa á Listasafni Árnesinga. Safnið opið til kl. 21 og tilboð í safnbúðinni. Jólaföndur í krakkakrók.

**Kl. 17:00-20:00** Haircolorstudio Lenu, Snyrtistofa Steinunnar og Snyrti- og nuddstofan Dís, Mánamörk 1 verða með léttar veitingar og tilboð af gjafabréfum og gjafavörum í jólapakkann.

**Kl. 17:00–21:00** Kósýkvöld í Hveragerði, nánari upplýsingar á Facebook: Kósýkvöld í Hveragerði 2024. Fönn viðburðir.

**Kl. 19:45** Kyndilganga Skífuvinafélagsins upp að Skífu. Tæplega 50 kyndlar verða afhentir þeim sem mæta fyrstir, án endurgjalds. Hver og einn kemur með sitt kakó og eitthvað út í ef vill.

**Kl. 17:00-22:00** Ölverk verður með tilboð á mat og drykk. Einnig býður Ölverk ókeypis rúna- og Tarotlestur fyrir alla viðskiptavini kl. 17-19.

**Kl. 19:30** Unbroken deildin í blaki mfl. kk. Hamar - Afturelding

Kósýfatadagur á leikskólanum Undralandi.

Náttfatadagur fyrir þá sem vilja í Grunnskólanum í Hveragerði.

Gróðurhúsið býður 15% afslátt af hótelgjafabréfum sem keypt eru á Gróðurhúsinu. Kokteilstofa K&S býður jólakokteil á tilboði.

### *5. DESEMBER – FIMMTUDAGUR*

**Kl. 17:00** Jólafundur og jólamatur hjá Félagi eldri borgara í Hveragerði á Hótel Örk. Nánari upplýsingara á vef félagsins, www.hvera.net og á Facebook síðu félagsins.

**Kl. 17:00** Bjórkynning, netagerð (e. networking) og almennt spjall á Ölverk fyrir þá sem starfa heima í Hveragerði.

**Kl. 18:00** Förðunarnámskeið á Skyrgerðinni. Guðný Björg fer yfir grunnatriði og áherslur í notkun snyrtivara og húðumhirðu. Freyðivín fyrir gesti og nokkrir heppnir fá snyrtivörugjafapoka. Skráning á netfanginu gudnybjorgmua@gmail.com. Miðaverði kr. 9.990, -

Opið hús í Tónlistarskóla Árnesinga.

## 6. DESEMBER - FÖSTUDAGUR

**Kl. 11:00** Gangasöngur í Grunnskólanum, elsta stig.

**Kl. 18:00-20:00** Ljúfir píanótónar á Gróðurhúsinu

**Kl. 19:00** Jólahlaðborð á Skyrgerðinni

**Kl. 19:15** Körfuboltaleikur, mfl. kk. Hamar – Skallagrímur í Frystikistunni

Rauður dagur á Óskalandi. Börn og starfsfólk mæta í rauðu.

Vasaljósafriðarganga Grunnskólans. Nánara skipulag kynnt í tölvupóstum til foreldra.

Jólahlaðborð á Hótel Örk

## 7. DESEMBER - LAUGARDAGUR

**Kl. 10:00-17:30** Notalegur laugardagur í Sundlauginni Laugaskarði. Laugin sérstaklega hlý, saltvatn í kalda pottinum, Epsom salt og ilmkjarnaolíur í gufunni, jólalög, jólate og piparkökur.

**Kl. 11:00** Kökubasar Söngsveitar Hveragerðis sem liður í fjáröflun fyrir ferð kórsins á kóramót til Ítalíu sumarið 2025. Einnig verða seldir miðar á jólatónleikana í forsölu.

**Kl. 13:00-15:00** Listasafn Árnesinga býður upp á Jólakúlu-mosasmiðju með Magneu Magnúsdóttur.

**Kl. 14:00** Elísabet Jökulsdóttir les upp úr nýju bókinni sinni Límonaði frá Diafani á Listasafni Árnesinga.

**Kl. 14:30** Freyja Þórsdóttir og Kristín Scheving bjóða upp á leiðsögn um sýninguna Lífrænar Hringrásir í Listasafni Árnesinga

**Kl. 15:00** Bikarleikur í körfubolta mfl. kvk. Hamar/Þór - KR

**Kl. 15:00** Tónlist og fleira í boði ungmennaráðs Listasafns Árnesinga.

**Kl. 18:00-20:00** Unnur Birna flytur tónlist á Gróðurhúsinu.

**Kl. 19:00** Jólahlaðborð á Skyrgerðinni

**Kl. 19:00** Jólabjórakvöld Ölverk 2024. Skemmtileg kvöldstund þar sem smakkað verður á fjölda jólabjóra frá ýmsum íslenskum brugghúsum. Upplýsingar og miðasala á olverk@olverk.is. Ath. mjög takmarkað framboð á miðum. Aldurstakmark 20 ár.

Jólahlaðborð á Hótel Örk

## 8. DESEMBER - SUNNUDAGUR

**Kl. 12:00** Fjölskyldujólahlaðborð á Skyrgerðinni

**Kl. 14:00-17:00** Kaffihlaðborð á Rósakaffi.

**Kl. 20:00** Jólatónleikar Söngsveitar Hveragerðis í Hveragerðiskirkju. Miðaverð kr. 4.000, - Heitt súkkulaði og smákökur í safnaðarheimilinu að tónleikum loknum.

## 9. DESEMBER - MÁNUDAGUR

**Kl. 12:00** Hádegishittingur á Ölverk fyrir þá sem starfa heima í Hveragerði.

**Kl. 16:00-18:00** Kynning á slakandi heilunarmeðferðinni Access Bars í Blómaborg. Einnig boðið upp á 30 mínútna Access Bars heilun. Skráning á Facebook síðu Blómaborgar og á Brandugla heilun á Noona appinu. Verð kr. 1.000, -

6. bekkir Grunnskólans sækja jólatré.

## 10. DESEMBER - ÞRIÐJUDAGUR

**Kl. 9:35** Gangasöngur í Grunnskólanum, elsta stig og vinabekkir.

**Kl. 17:00** Piparkökuskreytingar foreldrafélags GÍH í Grunnskólanum.

## 11. DESEMBER - MIÐVIKUDAGUR

**15-16:45** „Jóla opið hús" fyrir eldri borgara í Þorlákssetri. Smá hugvekja í léttum dúr, rætt og spáð í jólasiði fyrr og nú.

**Kl. 16:00-18:00** Kynning á slakandi heilunarmeðferðinni Access Bars í Blómaborg. Einnig boðið upp á 30 mínútna Access Bars heilun. Skráning á Facebook síðu Blómaborgar og á Brandugla heilun á Noona appinu. Verð kr. 1.000, -

**Kl. 19:15** Körfubolti, mfl. kvk. Hamar/Þór – Haukar

**Kl. 20:00** Karlakór Hveragerðis verður með opna æfingu í kapellunni í NLFÍ.

## 12.DESEMBER - FIMMTUDAGUR

**Kl. 8:10-11:30** Íþróttahátíð elsta stigs Grunnskólans í íþróttahúsi.

**Kl. 9:35** Gangasöngur í Grunnskólanum, yngsta stig og miðstig.

**Kl. 17:00** Bæjarstjórnarfundur

**Kl. 18:00** Jólatónleikar SLYSH í Leikhúsi Leikfélags Hveragerðis. Aðgangseyrir rennur til óskiptur til Sjóðsins góða.

## *13. DESEMBER - FÖSTUDAGUR*

**Kl. 19:00** Jólahlaðborð á Skyrgerðinni

**Kl. 21.30** Jóla-Mölvaður og Mökkaður verða með Pub Quiz á Gróðurhúsinu – glæsilegir vinningar.

Jólaball og hátíðarmatur á Óskalandi

Jólaball barna og starfsfólks Undralands

Jólapeysudagur Grunnskólans í Hveragerði

Jólahlaðborð á Hótel Örk

## *14. DESEMBER - LAUGARDAGUR*

**Kl. 10:00-17:30** Notalegur laugardagur í Sundlauginni Laugaskarði. Laugin sérstaklega hlý, saltvatn í kalda pottinum, Epsom salt og ilmkjarnaolíur í gufunni, jólalög, jólate og piparkökur.

**Kl. 18:00-20:00** Steinar Sigurðsson flytur tónlist á Gróðurhúsinu.

**Kl. 19:00** Jólahlaðborð á Skyrgerðinni

Jólahlaðborð á Hótel Örk



## *DAGSKRÁ BÓKASAFNS Í AÐDRAGANDA JÓLA*

Jólaföndur alla aðventuna
Boðið verður upp á jólaföndur sem hentar börnum og fullorðnum á bókasafninu fram að jólum. Nýtt föndur í hverri viku. Komið og eigið notalega föndurstund.

Jólaálfurinn á bókasafninu alla aðventuna
Heyrst hefur að í desember ætli lítill jólaálfur að gera sig heimkominn á bókasafninu. Hann finnur sér nýjan felustað daglega. Lítið endilega við og athugið hvort þið getið fundið hann!

## *15. DESEMBER - SUNNUDAGUR*

**Kl. 11:00** Jólastund barnanna í Hveragerðiskirkju. Dansað í kringum jólatré og jólasveinar koma í heimsókn.

**Kl. 12:00** Fjölskyldujólahlaðborð á Skyrgerðinni

**Kl. 14:00** Messa í Kotstrandarkirkju

**Kl. 14:00-17:00** Kaffihlaðborð á Rósakaffi.

**Kl. 19:00** Jólahlaðborð á Skyrgerðinni

## *16. DESEMBER - MÁNUDAGUR*

**Kl. 9:35** Gangasöngur í Grunnskólanum, allir nemendur æfa fyrir 18. desember.

## *17. DESEMBER - ÞRIÐJUDAGUR*

**Kl. 16:00-19:00** Kertamálun á Ölverk. Hugguleg föndurstund fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar og verð er að finna á Facebook síðu Ölverks. Tilboð á mat og drykk kl. 16-22.

**Kl. 17:30** Notaleg náttfatasögustund á Bókasafni Hveragerðis. Það má mæta í náttfötum og með bangsa. Lesin verður jólasaga sem hentar fyrir börn á aldrinum 3-7 ára.

**Kl. 20:00-22:00** Jólaprjónakaffi á Bókasafni Hveragerðis. Notaleg kvöldstund með handavinnuna. Boðið verður upp á kaffi og piparkökur. Öll velkomin.

Fjölskyldukvöld í félagsmiðstöðinni Skjálftaskjóli. Velkomið að bjóða fjölskyldumeðlimum með sér í félagsmiðstöðina að skreyta piparkökur og drekka heitt kakó undir jólatónlist.

## *18. DESEMBER - MIÐVIKUDAGUR*

**Kl. 11:00** Gangasöngur í Grunnskólanum, allir nemendur. Afhending til Minningarsjóðs Bryndísar Klöru.

**Kl. 18:00–20:00** Pakkamóttaka Leikfélagsins í Leikhúsinu.

**Kl. 19:30** Unbroken deildin í blaki, mfl. Kk. Hamar - HK



## *19. DESEMBER - FIMMTUDAGUR*

**Kl. 10:00-11:30** Litlu jól yngsta stigs í Grunnskólanum.

**Kl. 13:00-14:30** Litlu jól miðstigs og elsta stigs í Grunnskólanum.

Ljóðakvöld í Blómaborg. Karlakór Hveragerðis syngur.

## *20. DESEMBER - FÖSTUDAGUR*

Kertadagur í Grunnskólanum.
Afsláttarhelgi í versluninni Gyðju alla helgina.

## *21. DESEMBER – LAUGARDAGUR*

**Kl. 10:00-17:30** Notalegur laugardagur í Sundlauginni Laugaskarði. Laugin sérstaklega hlý, saltvatn í kalda pottinum, Epsom salt og ilmkjarnaolíur í gufunni, jólalög, jólate og piparkökur.

Körfuknattleiksdeild Hamars býður upp á bílaþvott fyrir jólin.

## *23. DESEMBER - MÁNUDAGUR*

**Kl. 11:00-14:00** Skötuveisla Hamars og Hótel Arkar á Hver restaurant

## *24. DESEMBER – ÞRIÐJUDAGUR, AÐFANGADAGUR JÓLA*

**Kl. 13:00** Helgistund í Kotstrandarkirkju

**Kl. 18:00** Aftansöngur í Hveragerðiskirkju

## *25. DESEMBER – MIÐVIKUDAGUR, JÓLADAGUR*

**Kl. 14:00** Hátíðarguðsþjónusta í Kotstrandarkirkju

## *31. DESEMBER – ÞRIÐJUDAGUR, GAMLÁRSDAGUR*

**Kl. 17:00** Aftansöngur í Hveragerðiskirkju

**Kl. 20:30** Áramótabrenna við Breiðumörk ofan Grýluvallar og flugeldasýning.

## *5. JANÚAR - SUNNUDAGUR*

**Kl. 18:00** Íþróttamaður Hveragerðis 2024 á Listasafni Árnesinga.

## *6. JANÚAR – MÁNUDAGUR, ÞRETTÁNDINN*

Kennsla hefst að nýju í Grunnskólanum í Hveragerði.

## *HVERAGARÐURINN BÝÐUR BÆJARBÚUM Í HVERAGARÐINN FRÁ 14. – 23. DESEMBER.*

Komið og labbið um garðinn og sjáið hann í vetrarbúningi sínum. Goshverinn Eilífur gýs reglulega, hægt að sjóða egg í pottinum okkar úti og smakkað brauðið sem við bökum í gufunni úti í stórum gufupotti.
Okkur langar líka að bjóða bæjarbúum að koma og baka rúgbrauðið sitt hjá okkur í gufupottinum. Upplagt fyrir skötuveislu fjölskyldunnar.
Opið alla virka daga og Laugardaga
Opnunatími garðsins er á Facebooksíðu Hveragarðisins
https://www.facebook.com/Geothermalpark
Sími 4834601 / 4835062

# HVERAGERÐISBÆR ÓSKAR YKKUR ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLS KOMANDI ÁRS